

Hlíðasmára 8
201 Kópavogi
sími 564 4104

Útgefandi
Læknafélag Íslands

Ritstjórn

Helga Ágústa Sigurjónsdóttir,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Berglind Jónsdóttir
Halla Viðarsdóttir
Lilja Sigrún Jónsdóttir
Oddur Ingimarsson
Ólöf Jóna Elíasdóttir
Sæmundur Rögnvaldsson

Tölfræðilegur ráðgjafi

Sigrún Helga Lund

Ritstjórnarfulltrúi

Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
gag@lis.is

Auglýsingar

Ingvar Freyr Ingvarsson
ingvar@lis.is

Umbrot

Margrét E. Laxness
melax@lis.is

Prófarkalestur

Aðalsteinn Eyþórsson

Upplag

1850

Áskrift

24.900,- m. vsk.
Lausasala
2490,- m. vsk.

Prentun og bókband

Litróf
Vatnagördum 14
104 Reykjavík

Dreifing

Íslandspóstur
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirslna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Helga og Jóhanna grófu upp ástæður þess að þær fengu lægri laun en fimm karlar sem ráðnir voru á eftir þeim á Barnspítalann og fengu leiðrétt. Myndlag

„Sannarlega óútskýrður launamunur til staðar“

Þrjú kvenkyns læknar ráðnir árið 2019 á Barnspítalann grófu upp að fimm karlkyns barnalækna sem ráðnir voru á eftir þeim fengu hærri laun en þær. Fordæmalaus leiðrétting, segir formaður Félags sjúkráhuslækna. Spítalinn segir kerfisbundinn kynbundinn launamun ekki til

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Gögn sýna svart á hvítu að það er sannarlega óútskýrður launamunur í læknastrétt og þar hallar oftast á konur,“ segir Theódór Skúli Sigurðsson, formaður Félags sjúkráhuslækna. Þrjú barnalækna, konur, hafa fengið laun sín leiðrétt afturvirkir eftir að fimm barnalækna, karlar, voru ráðnir inn á betri kjörum.

Theódór Skúli segir félagið hafa skoðað mál kvenlæknanna á Barnspítalanum. „Það er fordæmaloust að Landspítali hafi skoðað einstaka mál eftir ábendingar og á endanum leiðrétt launamisrétti af þessu tagi afturvirkir að eigin frumkvæði.“

Helga Elísdóttir og Jóhanna Guðrún Pálmadóttir rekja málið í viðtali hér í *Læknablaðinu* og Landspítalinn fer einnig yfir sína hlið. Minnisblað frá 2016 um greiðslur fyrir starfsbundna þætti var ekki notað á Barnspítalanum við ráðningu kvennanna en það var gert hjá körlunum. Þá höfðu orðið mannskæpti í brúnni.

„Til að gæta samræmis innan sviðsins var samþykkt að leiðrétta laun þeirra,“ segir í svörum spítalans. Helga bendir þar á að jafnlaunavottunin frá 2020 hafi ekki gripið muninn. Theódór gagnrýnir einnig vottunina.

„Jafnlaunavottun Landspítala, eins og hún horfir við mér, var sorgarsaga frá upphafi. Ekki stendur steinn yfir steini,“ segir hann. „Samt voru skýr dæmi um launamismun til staðar.“ Hann furðar sig á að launasamningar við lækna séu í höndum hvers og eins yfirmanns án þess að rauð ljós kvikni hjá yfirstjórninni þegar eitthvað fari aflaga.

„Mann setur hljóðan að ferlið sé svo einfalt að þetta stoppi þar.“ Hann hvetur lækna til að vera virka og afla launaupplýsinga. „Hver og einn þarf að passa upp á sitt.“ Félag sjúkráhuslækna



Theódór Skúli Sigurðsson.

hafi hvatt til meira gagnsæis í launasetningu til að auðvelda læknum að bera saman laun sín á milli.

Landspítali réðst í ítarlega skoðun á launasetningu sérfræðilækna þvert á svið spítalans eftir ábendingarnar í fyrra. Spítalinn segir í svörum til blaðsins að ekki séu vísbendingar um kerfisbundinn kynbundinn launamun á Landspítala. Hann mælist innan marka, eða 1,4% í ár körlum í vil.

Theódór segir félagið enn skoða launamál nokkurra félagsmanna. Árleg launasamtöl lækna ættu að vera grunnur að slíkum leiðréttingum. „En þau fara alltof sjaldan fram.“

Landspítalinn hefur fundað með forsvarsmönnum Læknafélagsins og Theódóri og farið yfir stöðuna „Gögn hafa ekki sannað kerfisbundinn launamun milli kynja, einungis afmörkuð dæmi þar sem þó virðist oftast halla á konur, sérstaklega með tilliti til viðbótarþátta og óunninnar yfirvinnu hjá þeim heilbrigðisstofnunum sem Félag sjúkráhuslækna hefur gögn um,“ segir Theódór.

Hann bætir við að nú blási sanngjarnari vindar innan Landspítala. Nýr framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðsmála spítalans og skrifstofa launamála hafi tekið á ákveðnum fortíðarvanda og reynt að leiðrétta stöðuna. Deilt hafi verið um hversu langt ætti að ganga.

Jóhanna og Helga hvetja lækna, karla og konur, sem eru á heimleið til þess að ráðfæra sig við Læknafélagið og undirbúa sig. Ekki setja traust sitt blint á spítalann þegar kemur að launum.

„Ég mun aldrei trúá því aftur að launasetningin sé sanngjörn,“ segir Helga. „Ég verð bara að gá að því sjálf.“

Sjá nánar viðtal á bls. 216